

Nr. 7
9. maí.

Opið brjef,

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1919.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að vér samkvæmt 3. gr. stjórnarskipunarlaga 3. oktbr. 1903, um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5 janúar 1874, og samkvæmt lögum 22. oktbr. 1912, um breyting á þeim tíma, er hið reglulega Alþingi kemur saman, allramildilegast höfum ákveðið, að láta Alþingi á Voru landi Íslandi koma saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 1. júlí 1919.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir fram farið í dómkirkjunni.

Gefið á Amalfuborg, 9. maí 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.